



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd,

þriðjudaginn 1. nóvember 2022

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Hrefna Jónsdóttir, (HJ)

Eggert Ólafsson (EÓ)

Bettina Seifert (BS)

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 2 síður.

Hrefna bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. Kosning formanns

Lagt var til að Hrefna verði formaður.

Samþykkt samhljóða.

2. Samþykkt um hunda og kattahald – athugasemd

Í núverandi samþykkt um hunda- og kattahald er sagt að aflífa megi hættulega hunda án tafar. Þetta er ekki nógu skýrt þ.e. hvað átt er við með „hættulegur hundur“. Nefndin leggur til að orðalagi verði breytt þannig:

Komi upp grunur um að hundur sé hættulegur fólki eða öðrum dýrum ber að fá hundaatferlisfræðing til að meta dýrið með það í huga hvor þurfi að lóga dýrinu.

Einnig er lagt er til að sama verði sett í kafla um kattahald.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. Festa ruslatunnur

Íbúar verði hvattir til þess að ganga frá ruslatunnum þannig að þær geti ekki opnast í roki.

2. Ormahreinsun hunda

Ormahreinsun hefur ekki farið fram og vill umhverfis- og náttúruverndarnefnd ítreka mikilvægi þess að það tefjist ekki lengur.

Fundi slitið kl. 17:00

Fundargerðin undirrituð rafrænt.